

Starfsáætlun Jörfa

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans Jörfa	5
Gleði/Virðing/Leikur	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
3 Innra mat Holt	16
4 Innra mat Laut	17
5 Innra mat Lundur.....	21
Innra mat Hlíð.....	22
6 Innra mat Sel	24
7 Innra mat sérkennslu.....	25
9 Innra mat – fjöltyngdu börn	26
10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	27
12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	29
• Samstarf við Breiðagerðisskóla er reglulegt og farið er í gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn.	29
• Elsti árgangur leikskólans fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla í byrjun september, hitta skólastjórnendur og skoða skólann.....	29
• Í september fara elstu börnin í leikstund í fyrsta bekk.....	29
• Í október fara nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í sína gömlu leikskóla í hverfinu.	29
• Grunnskólabörnin úr 7.bekk koma í heimsókn og lesa fyrir börnin í leikskólanum á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember.....	29
• Í desember heimsækja elstu börn leikskólans bókasafnið í Breiðagerðisskóla.....	29
• Mars/apríl fara elstu börn leikskólans í kennslustund með kennurum fyrsta bekkjar.....	29
• Í maí fara leikskólabörnin í heimsókn í Breiðagerðisskóla og hitta skólastjórnendur sem leiða þau í gegnum skólann.....	29
13 Foreldrasamvinna.....	31
14 Skipulagsdagur 2022-2023 og Leikskóladagatal	32
8 Fylgigögn.....	32



8.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	32
-----	--	----

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur, áherslur úr skólanámskrá og skóla fyrir alla.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngd börn og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.



- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Leiðarljós leikskólans Jörfa

Gleði/Virðing/Leikur

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það var gott að koma inn í Jörfa eftir langt sumar og veikindaleyfi vegna Covid. Ég kom inn full tilhlökkunar að takast á við komandi vetur. Við þurftum að ráða inn marga starfsmenn þar sem nokkrir voru enn í veikindaleyfi vegna Covid. Aðlögun barna gekk vel um haustið og tókum við inn mörg ný börn. Við höldum áfram að hafa aldurskiptar deildar. Elsta deildin (Hlíð) með 5 ára börnin, næstelsta (Lundur) með 4 ára börn, Sel með 3 ára börn, Laut og Holt með eins og tveggja ára gömul börn. Biðlistinn í Jörfa er mjög langur og til að mynda náðum við ekki að taka inn öll systkini barna sem eru í Jörfa. Mikil veikindi starfsmanna einkenndu þennan vetur og þurftum við því að nýta okkur faliðunarferli Reykjavíkurborgar nokkuð oft eftir hádegi en gátum haldið úti starfsemi fyrir hádegi.

Við gátum haldið úti nokkuð góðri starfssemi innan leikskólans fyrir áramót en eftir áramót vorum við mikið til hólfað niður og hver deild var að vinna með sín verkefni inni á deildum.

Börnin á Hlíð voru í samstarfi við Myndlistarskólann í Reykjavík og fóru þau í sex skipti í strætó vestur í bæ. Þar fengu þau að kynnst alls konar vinnu í tengslum við skapandi starf. Þetta er góð viðbót við okkar góða skapandi starf.

Við réðum til okkar í vetur verkefnastjóra í eitt ár til að efla hreyfingu innan leikskólans. Þetta var tilraunaverkefni sem við vorum mjög spennt fyrir en getum ekki haldið því áfram vegna þess við þurfum að draga saman í rekstrinum.

Einnig fóru börnin á Hlíð í íþróttatíma hjá Víking einu sinni í viku.

Við gátum haldið úti hringekjunni fyrir áramót hreyfing/tónlist, Jóga, vináttu og skapandi starfi en urðum að sleppa henni eftir áramót því þá var allt hólfað niður vegna Covid.



Börnin voru dugleg að vinna með Lubba og læsi og fengum við foreldra í lið með okkur í tvö verkefni. Foreldrar fengu Lubbabein heim og áttu að skrifa nöfn á bókum sem þau lásu fyrir börnin sín heima. Í desember var svo útbúið jólatré með beinunum en í apríl voru beinin hengd á trjágreinar sem börnin fundu úti í umhverfis og læsis vikunni.

Við vorum einnig með mjög skemmtilegan fjölmeningardag í byrjun maí, við erum með starfsfólk og börn frá mörgum löndum og heppnaðist hann sérlega vel.

Hápunkturinn voru svo tónleikar í Hörpu með tónskóla Sigursveins þann 4.apríl þar sem börnin á Hlíð komu saman með öðrum leikskólabörnum og sungu lögin hans Ladda sem var búið að æfa vel í allan vetur.

Við erum heppin með starfsfólk í Jörfa og margir búnir að vera lengi hjá okkur. Starfsfólk er alltaf tilbúið að læra eitthvað nýtt og deila sinni reynslu til nýrra starfsmanna og fyrir það erum við afar þakklát. Við erum með nokkra starfsmenn sem eru í námi með vinnu og eru að bæta við sig þekkingu og við viljum styðja við það fólk því það er dýrmætt fyrir leikskólann að hafa fólk sem er með metnað fyrir vinnu sinni.

Áherslupættir okkar í vetur verða: Læsi/sköpun/hreyfing og útinám.

Bergljót Jóhannsdóttir leikskólastjóri

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Við gerðum innra mat á starfi leikskólans í janúar 2022 og svo aftur í maí 2022. Hver deild fyrir sig stóð að matinu og var lagður fram spurningarlisti í báðum tilfellum.

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.	
Lubbi	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.	
Læsi	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.	
Vináttan	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem		

	stjórnendur lögðu fyrir.		
Lestrarstundir	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.	
Einingakubbar	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.	
Samskipti	Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.	
Starfsmenn leikskólans svöruðu spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir.	Allir starfsmenn leikskólans.		



Ytra mat

Á hverju ári er gerð starfsmannakönnun til starfsmanna. Hún er gerð á vegum skóla og frístundasviðs. Könnunin var rafræn og 19 starfsmenn af 30 tóku þátt. Ekki er hægt að rekja niðurstöður hennar.

Gerð var starfsmannakönnun á vorönn 2022	Hvernig fór fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hvað var metið? Betri vinnutími/stytting Vinnuaðstaða Mér líður vel í vinnunni. Upplýsingaflæði Viðurkenning Covid19	Rafrænn Spurningarlisti Lagður fram fyrir starfsmenn.	Starfsmenn leikskólans	Jörfi kom að mestu leiti vel út úr könnunni. Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og finnst gott jafnvægi á milli einkalífs og vinnu. Flestum finnst gott að hafa styttingu en mikið álag á þá sem eru eftir. Starfsfólk er ánægt með vinnuaðstöðuna. Upplýsingaflæðið kemur vel út. Flestir telja að covid hafi haft mikil áhrif á starfsumhverfið og álag í starfi. Nokkur atriði sem þarf að bæta eru: Hrós til starfsmanna. Samvinna milla deilda Skoða áreiti á vinnustaðnum og samskipti.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulagt starf	Að hverju er stefnt? Við stefnum á að vinna áfram með skapandi starf, og nýta betur listasmiðju í vetur. Vinna með alls konar læsi í víðum skilningi og tengja við allt starf í leikskólanum. Fara oftari í vettvangsferðir og nýta okkur nánasta umhverfi. Halda áfram með Lubba og vináttuverkefnið Næsta vetur ætlum við að vera enn virkari í útikennslu og ætla tveir	Stjórnendur leikskólans	Haus t 2022	Vor 2023	Hvaða aðferðir á að nota? Endurmat í jan. á skipulagsdegi allir starfsmenn taka þátt Endurmat í maí á skipulagsdegi allir starfsmenn taka þátt. Fagfundir stjórnenda. Viðburðarbók sem litlir viðburðir eru metnir. Tökum myndir reglulegar og skráum niður þegar við á.	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmið Í september verða örnámskeið um áherslur í starfinu. Hvað er læsi? Hvað er opinn efniviður? Tónlist/hreyfing Hópstjórar kynna sín verkefni í hringekju. Kynning verður á vetrarstarfinu. Með þessum kynningu fá allir



	starfsmenn að taka það að sér og útfæra það. Við ætlum að vinna meira með opinn efnivið.					starfsmenn innsýn og þekkingu inn í starfið og geta þá allir verið meðvitaðir um að ná markmiðum sínun í starfi.
Uppeldis- og menntastarf						
	Áframhaldandi vinna með sköpun, hreyfingu, læsi söng og flókna texta. Kenna börnunum þulur og taka fyrir árstíðirnar. Hafa söngstundir metnaðarfullri bæði á deildum og á föstudögum í sameiginlegri söngstund.	Stjórnendu r leikskólans	Haus t 2022	Vor 2023	Endurmat í jan. á skipulagsdegi allir starfsmenn taka þátt Endurmat í maí á skipulagsdegi allir starfsmenn taka þátt. Fagfundir stjórnenda. Viðburðarbók sem litlir viðburðir eru metnir. Elstu árgangur	Við viljum sjá meiri þróun hjá börnum og starfsfólki og efla gleði allstaðar. Við viljum sjá starfsfólkið njóta sín meira í starfi og sýna meira frumkvæði.



	Deildarstjórar skipuleggja hreyfistundir fyrir sína deild. Nýta mannauðinn betur innanhúss með því að vera með jafningjafræðslu og netið og ekki síst Myndlistarskólan a Reykjavíkur sem elstu börnin sækja í sex skipti yfir veturinn og miðla þekkingu til hinna. Vinna markvisst með alla læsisþættina og tengja við allt starf leikskólans og gera starfsfólkið meðvitaðra hvaða læsisþætti er			metur leikskólagönguna sína. Tökum myndir reglulegar og skráum niður þegar við á. Það var ýmislegt sem elstu börnin lærðu á heimsóknum sínum í Myndlistarskólan. Nýja tækni í myndlist og alltaf tekið vel á móti þeim. Einnig gátu kennararnir miðlað sinni reynslu til annarra starfsmanna af heimsóknunum. Við nýttum mörg tækifæri til þess að vinna með læsi. Göngutúrar, umræður, lestur bóka, vettvangsferðir. Enda verið að vinna með alla Læsisþætti.	Það var hins vegar krefjandi að fara með allan hópinn í langa strætóferð og voru þau þreytt á heimleið, mörg þeirra sofnuðu á leiðinni. Þannig að við ætlum að endurmeta stöðuna fyrir veturinn 2022-2023

	verið að vinna með. Við viljum vera viðsýn og læra í gegnum leikinn eins og stefnan okkar segir. Við viljum hafa vinnustaðinn okkar jákvæðan og allir geti tjáð sig og sýnt frumkvæði. Við viljum hafa fjölbreytta menntun og ekki vera einsleitur hópur.					
Mannauður/ Leikskólabragur						
	Við nýtum allan mannauð eins og hægt	Stjórnendur leikskólans	Haus t 2022	Vor 2023	Skipulagsdagar verða nýttir betur fyrir kynningu og	Gera leikskólann okkar betri



	er. Við erum dugleg að deila verkefnum. Í vetur ætlum við að vera með jafningjafræðslu og starfsmenn verða með fræðslu t.d um vináttuna, Lubba,skapandi i starf,útikennslu og fleira. Nokkrir starfsmenn eru í námi með vinnu og er það að skila sér í starfi.				endurmat á starfi leikskólans.	og eftirsóttan vinnustað.
Innra mat						
		Stjórnendur leikskólans	Jan.	Maí	Endurmat í jan. á skipulagsdegi allir starfsmenn taka þátt Endurmat í maí á skipulagsdegi allir taka þátt	



3 Innra mat Holt

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Efla málskilning og orðaforða. Þjálf hlustun, einbeitningu, tjáningu og hljóðkerfisviturnd	Lesið bækur, loðtöflusögur og sögupoka. Endursegja sögur. Leika með orð og rím.	Deildarstjóri og starfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Rýni/rökræður á deildarfundum	Áhugi og virkni barnanna. Börnin eigi auðveldara með að fylgja söguþræði og málskilningur og orðaforði eykst
Útikennsla	Að nær umhverfi Jörfa sé í auknum mæli nýtt sem kennslustofa	Kortleggja þá möguleika sem umhverfi skólans býður upp á	Allir starfsmenn deildarinnar	Haut 2022	Vor 2023	Umræður á deildinni í janúar og lok vetrar	Að kennsluáðferðir í útikennslu sé fjölbreytilegar. Að við náum að fara oftari í Vettvangsferðir
Hreyfing	Markvissar hreyfistundir. Efla færni í grófhreyfingum, jafnvægi og líkamsvitund. Kenna börnunum barnadansa	Í hringekju, hópastarfi, hreyfisvæðing og samverustundum.	Deildarstjóri og hópstjórar	Haut 2022	Vor 2023	Skráning og taka myndir. fylgjast með þróun á hreyfingum í samræmi við aldur	Börnin verða öruggari í hreyfingum og meðvitaðri um líkama sinn.



Skapandi starf	Að börnin öðlist færni til að efla forvitni sína, skapandi og gagnrýna hugsun. Að börnin læri að leika með opin efnivið	Í hringekju, hópastarfi og inni á deild. Að skapandi efniviður verði aðgengilegur og í boði reglulega	Deildarstjóri og allir á deild	Haus t 2022	Vor 2023	Ferilmöppur, taka myndir og skrániður	Börnin njóti sín í skapandi starfi og kynnist ólíkum efnivið

4 Innra mat Laut

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Bæta umhverfisvitund, auka úthald fyrir útiveru, fara oftast út fyrir leikskólann í vettvangsferði, líka á veturna. Þá tengjum við í leiðinni starfið okkar við grenndarsamfélagið. Styrkja andlega og líkamlega	Förum oftast og lengur út. Gefum börnunum tækifæri á að kynnast náttúrunni og með því kennum við þeim að virða umhverfið okkar	Deildars tjóri Allir	Hau st 2022 2	Vor 2023	Tökum myndir, söfnum gögnum ef við gerum eitthvað ákveðið í gönguferðum t.d. týnum laufblöð, steina. Tökum myndir af börnunum í starfinu úti sem geta farið í ferilmöppurnar þeirra.	Fleiri vettvangsferðir



	vellíðan barna til framtíðar.						
Hreyfing	Skipulagðar hreyfistundir bæði úti og inni og betri skráning	Kynnum okkur einhverskonar skráningu fyrir hreyfingu	Deildars tjóri Allir	Hau st 202 2	Vor 202 3	Hægt að nota þroskalista/viðmiðin fyrir hvern aldur fyrir sig og skráningar sem við kynnum okkur. Myndir og myndbönd tekin upp sem hægt er að senda á foreldra	
Læsi	Nýta einingakubba oft og kenna krökkunum að leika með þá í fleiri og smærri hópum. Kenna börnunum formin. Fletta vináttunni og Lubba áfram inn í daglegt starf, þar sem allir geta nýtt sér það. Kenna börnunum um	Höfum fleiri skipulagðar stundir í einingakubbum og skiptum þeim í smærri hópa. Fleiri á deildinni þurfa að kynna sér Lubba og vináttu og fara	Deildars tjóri Allir	Hau st 202 2	Vor 202 3	Deildarfundir, umræður þar	Efla hljóðkerfisvitund barnanna. Kveikja áhuga Barnanna á stöfum, myndum og málhljóðum Börnin læri sinn staf og sitt málhljóð



	tilfinningar og jákvæð samskipti. Hafa Blæ bangsa áfram sýnilegann. Vera dugleg að kenna börnunum ný lög með skemmtilegum textum. Lesa bækur eftir þema og þeirra áhugasviði, skoða vísur og rím.	jafnvel á námskeið. Söfnum saman hugmyndu m af leikjum og verkefnum fyrir Lubba og Vináttu og nýtum það sem til er. Höfum bækur sýnilegar fyrir þau til að grípa í og höldum áfram að skipta þeim í smærri hópa í lestrarstun dum svo þetta séu gæðastund ir. Hafa dót og hluti merkta með myndum og/eða orðum.					
--	--	--	--	--	--	--	--



Skapandi starf	Að efla sköpunargáfu og leyfa hugmyndaflugi barnanna að njóta sín. Leyfa þeim að koma með hugmyndir og framkvæma sjálf.	Vera dugleg að safna efnivið og auka sýnileika og aðgengi barnanna að skapandi efnivið. Fara markvisst á viku í skapandi starf. Leyfa börnunum að uppgötva sjálf og fara sýnar eigin leiðir í sköpun frekar en að einblína á fallega afurð. Starfsfólk hvetji börnin til skapandi hugsunar	Deildars tjóri Allir	Hau st 202 2	Vor 202 3	Söfnum gögnum í ferilmöppur eða tókum myndir af afurðinni og sendum t.d. á foreldra.	Efla börnin í að tjá sig á skapandi hátt með ýmsum mismunand i aðferðum. Hjálpa þeim að fræðast um áhugasvið þeirra.



		og sjálfstæðra vinnubrag ða.					

5 Innra mat Lundur

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Nýtum okkur nærumhverfi leikskólans. nýtum okkur náttúruna/umhverfið/veður til kennslu	Hvetja alla til að taka virkan þátt og vera óhrædd við að prufa nýja hluti.	Deildars tjóri / stjórnin da teymi	Haut 2022	Vor 2023	Skráningar og rýnihópur barna	Skoðanir barnanna á kennslunni.
Hreyfing	Nýta betur hreyfisvæði. síðasta árið fórum við mikið í gönguferðir í nærumhverfinu	Fara oftar með litla hóp í ákveðin hreyfiverkefni. Munum fara í íþróttakennslu í vikina næsta vetur.	Allir á Deildinni	Haut 2022	Vor 2023	Skráningar og myndir	

Læsi / einingakub bar	Í vetur höfum við unnið með allskyns læsi á Lundi. s.s. umhverfis læsi, tilfinninga læsi, félagslæsi.	Vinna dýpra með ýmiskonar læsi.	Allir á deildinni	Hau st 202 2	Vor 202 3	skráningar	
Skapandi starf	Unnum mikið með endurvinnanlegan efnivið og tengdum skapandi starf mikið yfir í allskyns læsi.	Hvetja alla til að vinna skapandi starf. Gefa börnunum tækifæri á að umgangast margskonar efnivið í bland. Förum svo í verkefni hjá myndlistarskól anum næsta vetur.	Allir á deildinni	Hau st 202 2	Vor 202 3	Skráningar	

Innra mat Hlíð

UMBÓTAPÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf	Að börnin njóti margskonar reynslu sem örvar skapandi tjáningu	Að gera skapandi og opinn efnivið aðgengilegan á deild og í listasmiðju. Nýta vettvangsferðir í að safna efnivið úr náttúrunni. Einnig	Deildarstjóri, Hóp stjóri og aðrir starfsmenn	Hau st 202 2	Vor 202 3	Á deildarfundum ásamt ferilmöppum	Að börnin sýni frumkvæði í skapandi tjáningu og verði örugg með sína tjáningu. Að



	þeirra og hugmyndaflu g. Einnig gera opinn efnivið aðgengilegan og ýta undir áhuga barnanna að nýta opinn efnivið við skapandi tjáningu	ýta undir frjálsa sköpun án stýringar starfsmanna					öll tjáning sé litin jöfnum augum af börnum og starfsmönnum
Læsi	Að auka orðaforða, málskilning og máltjáningu. Hvetja börnin til þess að tjá sig og verða öruggari í samskiptum	Með tvískiptum lestrarstundum, Lubbastundum, söngstundum, samverustundum og málörvunarstundum. Einnig læra þulur og flóknari vísur. Kenna börnunum rím og máhljóðin	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Metið með skráningum frá deildarstjóra, TRAS og á deildarfundum	Að börnin verða örugg í samskiptum, geti nýtt sér íslensku í tjáningu og haft gagn og gaman af þeim stundum sem stuðla að bættu læsi.
Hreyfing	Markvissar hreyfistun dir inni og úti. Að efla hreyfiþroska og hreyfigetu barnanna. Styrkja samhæfin gu	Í hringekju, á deild, á hreyfisvæði og úti.	Hópstjóri og aðrir starfsmenn	Haut 2022	Vor 2023	Metið með skráningu, ásamt myndum og myndböndum.	Börnin verða öruggari í hreyfingu og samhæfin gu. Virkni og ánægja barnanna er



	hreyfinganna. Einnig stuðla að öryggi og vellíðan.						mikilvægur þáttur.
--	--	--	--	--	--	--	--------------------

6 Innra mat Sel

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Lubbastundir	Börnin læri markvist máhljóðin í leik og að Lubbastundir verða gæðastundir	Safna saman hugmyndum að verkefnum og leikjum Skipta börnum í minni hópa. Allir starfsmenn fari á námskeið.	Deildarstjóri og starfsfólk	Haus t 2022	Vor 2023	Deildarfundir	Að efla hljóðkerfisvitund barnanna

Þulur og rím	Kenna börnunum þulu og vísu í hverjum mánuði	Vinna með texta í samveru. Börnin túlka þulu/vísu með teikningu eða á annan skapandi hátt	Deildarstjóri og starfsfólk	Haus t 2022	Vor 2023	Deildarfundir Skráning í ferilmöppu fyrir hverja þulu/texta	Að efla málþroska barnanna ásamt því að efla hæfileika barnanna til tjáningar og sköpunar
Sköpun	Vinna markvist með Liti, ljós og skugga allan veturinn	Safna saman efnivið og hugmyndum. Verkefni unnin í smærri hópum ásamt í frjálsum leik	Deildarstjóri og starfsfólk	Haus t 2022	Vor 2023	Deildarfundir Skráning Samráð við börnin	Að efla sköpunarkraft, athafnargleði og forvitni barnanna

7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var skipulögð út frá faglegu mati ráðgjafa, þroskaþjálfara og annarra starfsmanna sem sinna stuðningi. Skráning var byggð á hugmyndafræði TEACCH og atferlisþjálfunar.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM-2, WB-MAPP.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Aðkeypt námsgögn, matsgögn.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁ TTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðger ðir til umbót a	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Upplýsingaf læði	Deildarfundir, deildarstjórafu ndir	Skrifa fundager ðir, upplýsin gar til allra í leikskóla num	Sérkennslustj óri	Haut 2022	Vor 2023	Fundagerðir	Að allir starfsme nn séu upplýstir um stöðu mála
Skráning	Allir starfsmenn haldi markvissa skráningu	Skráning sé aðgengileg og auðvelt sé að skrá	Sérkennslustj óri	Haut 2022	Vor 2023	Reglulega farið yfir skráningar og hvetja starfsfólk að skrá	Að skránin gar séu alltaf til staðar
Sérkennslufu ndir	Reglulegir sérkennsluf undir	Allir þeir sem sinna sérkennslu hittast á sérkennslufund i til að fara yfir þau börn sem eru í sérkennslu	Sérkennslust jóri	Haut 2022	Vor 2023	Fundagerðir	Fundir haldnir 1x í mánuði

9 Innra mat – fjöltyngdu börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	I-pad, spil, aðkeypt námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt?	Lubbastundir, spil, lestur, gefðu 10, markvissar málörvunarstundir.



Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru nýttar í lestur þar sem börnunum er skipt upp í 2 hópa, þau spurð spurninga úr sögunni og látnin svara, farið vel yfir flóknari og nýrri orð og þau útskýrð. Sögustundir þar sem börnin eru hvött til að búa sjálf til söguna.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Leikskólinn styðst við skráningar TRAS og út frá niðurstöðum er farið í frekari aðgerðir.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, við teljum svo vera en alltaf má gera betur.

Umbótaáætlun –fjöltyngdu börnin 2022-2023 -

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Sérstakar málörvunarstundir	Málörvunarstundir, Gefðu 10, spila, lesa	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Skráningar	Aukinn orðaforði, málskilningur og máltjáning

10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á tímabilinu febrúar/maí 2022. Viðtölin voru boðuð með fyrirvara og fóru fram á skrifstofu Leikskólastjóra. Áhersla var lögð á að ræða líðan



starfsmanns í starfi, starfsandann, vinnuumhverfið, verkefnin, starfsþróun og hvort starfsmaður vill gera breytingar innan veggja leikskólans. Flest allir starfsmenn voru ánægðir í starfi og með starfsandann. Starfsfólk hafði orð á því að þeim fannst faglega starfið innan leikskólans mjög gott og metnaðarfullt.

11 Fræðsla til starfsmanna á skipulagsdögum

- Við fengum til okkar fræðslu um skapandi starf í haust
- Tveir starfsmenn voru með fræðslu um heilsueflingu.
- Við fengum til okkar leikskólakennara með fyrirlestur um vinnustaðamenningu.
- Starfsfólk leikskólans fór til Brighton í apríl í námsferð að skoða leikskóla og sækja fyrirlestur.
- Deildarstjórar voru með fag og fræðslufund í maí

12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Samstarf við Breiðagerðisskóla er reglulegt og farið er í gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn.
- Elsti árgangur leikskólans fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla í byrjun september, hitta skólastjórnendur og skoða skólann.
- Í september fara elstu börnin í leikstund í fyrsta bekk.
- Í október fara nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í sína gömlu leikskóla í hverfinu.
- Grunnskólabörnin úr 7.bekk koma í heimsókn og lesa fyrir börnin í leikskólanum á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember.
- Í desember heimsækja elstu börn leikskólans bókasafnið í Breiðagerðisskóla.
- Mars/apríl fara elstu börn leikskólans í kennslustund með kennurum fyrsta bekkjar.
- Í maí fara leikskólabörnin í heimsókn í Breiðagerðisskóla og hitta skólastjórnendur sem leiða þau í gegnum skólann.

Skólastjóri kemur á skilafund í leikskólann með stjórnendum í júní og fær upplýsingar um skólaskil með elstu börnunum.

Samstarf 2022-2023

Jörfi – Breiðagerðisskóli - Sólbúar

Dagsetning og tími	Viðburður	Staðsetning	Ábyrgð
Okt. til des. Kl. 13.00-14.30	Elstu börnin fara í Myndlistarskólann í Reykjavík	Myndlistarskólinn í Reykjavík	Deildarstjóri og kennari í Myndlistarskólanum
September	Elsti árgangur Jörfa fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur í Breiðagerðisskóla
September	Elsti árgangur Jörfa fer í leikstund í Breiðagerðisskóla.	Breiðagerðisskóli	Kennarar beggja skólastiga
Október	Nemendur í fyrsta bekk heimsækja leikskólann	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga
Október	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
Nóvember	Nemendur úr 7. bekk lesa fyrir börnin í Jörfa	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga.
Desember	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafnið í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
apríl	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
Mars	Leikskólabörn fara í kennslustund í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.



13 Foreldrasamvinna

Síðastliðið skólaár hafa fulltrúar í foreldraráði verið þrír og komu allir nýir inn. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og skóla-og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Foreldrafundir/námskynning er einu sinni á ári á hverri deild í september/október. Þá er námsefni vetrarins og annað starf á viðkomandi deild kynnt fyrir foreldrum (var ekki 2020)
- ✓ Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur yfirleitt eru þau haldin á haustönn og vorönn. Þar er rætt um leikskólagöngu barnsins og fleira.
- ✓ Foreldrafélag Jörfa hefur haldið aðalfund að hausti til þar sem kosnir eru fulltrúar í félagið. Foreldrafélagið er mjög virkt og það stendur fyrir alls konar uppákomum fyrir börnin t.d. leiksýningum, sveitferð, jólaballi, sumarhátíð ofl.

14 Skipulagsdagar 2022-2023 og Leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Jörfa eru sex og verða þeir:

- 22. september,
- 18.nóvember (sameiginlegur með Breiðó),
- 2. desember
- 25. janúar
- 15.mars (sameiginlegur með Breiðó)
- 19.maí (sameiginlegur með Breiðó)

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Nafn leikskóla**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans 2021-2022 skipa:

Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

Sandra Hlín Guðmundsdóttir

Hanna Kristín B. Pétursdóttir

I.

Inngangur

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun og umbótaáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2022-2023.

II.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð fékk starfsáætlun Jörfa til umsagnar í september 2022 en kallaði eftir henni í júní (starfsáætluninni hefði átt að vera skilað til borgarinnar fyrir 1. júlí). Foreldraráð hefur áhyggjur af því að ekki hafi náðst að klára vinnu við gerð þessarar starfsáætlunar á tilsettum tíma. Eins og fram kemur í greinargerð leikskólastjóra var mikið um veikindi og oft gripið til faliðunarferils, þetta olli börnum og foreldrum mikilli streitu. Ánægjulegt var að fá tilkynningu um það í upphafi þessa skólaárs að mönnunarvandinn er leystur fyrir komandi skólaár. Áherslan sem skólinn leggur á læsi með Lubba er virkilega jákvæð sem og samstarfið við heimilin með því að senda Lubbabein heim. Einnig er foreldraráð mjög ánægt með læsi í víðum skilningi sem er mikil áhersla á í vetur auk sköpunar, útináms og hreyfingar, foreldraráð saknar þess að ekki er hægt að halda áfram með verkefnastjóra í hreyfingu sökum samdráttar í rekstrinum.

Foreldraráðið er ánægt með að halda eigi áfram með vináttuverkefnið sem hefur verið unnið með á

leikskólanum. Einnig er ánægjulegt að efla eigi útikennslu og vonast foreldraráð til þess að það gangi vel í

ljósi þess að tveir starfsmenn eru komnir með það hlutverk að halda utan um útinámið. Foreldraráð myndi vilja sjá yfirlit yfir fagmenntun starfsmanna í greinargerð leikskólastjóra, erfitt er út frá

skýrslunni að átta sig á hversu margir fagmenntaðir starfa við leikskólann.

Foreldraráð saknar þess að sjá niðurstöður innra mats sem lagt var fyrir tvisvar sinnum síðastliðið skólaár.

Ánægjulegt er að unnið sé innra mat allra deilda en mikið vantar upp á að samræmd vinnubrögð séu milli

deilda, nokkuð ber á því að dálkurinn viðmið um árangur sé tómur.

Foreldraráð hefði viljað sjá betri þátttöku í ytra mati en gleðst yfir því að almennt virðist fólki líða vel í

vinnunni og er ánægt með aðstöðuna. Niðurstöðurnar virðast þó vera í ákveðinni mótsögn, og hefur

foreldraráðið áhyggjur af því að svo virðist vera sem komið hafi fram í ytra mati að áreiti væri á

vinnustaðnum og er það miður.

Foreldraráð hefur áhyggjur af samstarfi leikskólans við Breiðagerðisskóla og metnaðarfull dagskrá er sett

fram þar sem kemur fram nákvæmlega hvernig samstarfinu verður háttað. Dagskránni var ekki fylgt eftir

síðastliðin vetur og heimsóknir byrjuðu ekki fyrr en í mars/apríl, foreldraráð vonast til að breyting verði á

komandi skólaári.

Foreldraráð hvetur til þess að starfsdagar skólanna séu samræmdir sem mest, sérstaklega vetrarfrí þar

sem Breiðagerðisskóli er í löngu fríi og gott væri að leikskólinn myndi fylgja þessum frídögum líka.

Fjölmargar fjölskyldur eru með börn á báðum stöðum og það er erfitt fyrir foreldra að standa undir öllum

þeim starfsdögum og fríum ef einungis 3 dagar eru samræmdir. Sólbúar frístundaheimili er opið fyrir

nemendur Breiðagerðisskóla á starfsdögum en ekki í vetrarfrí og nýtist því betur fyrir fjölskyldur hverfisins ef starfsdagur væri í vetrarfrí.

Þegar foreldraráð les skýrsluna hefði það viljað sjá meira hvað er áætlað að gera næsta vetur til að ná fram

áhersluþáttum sem minnst er á í skýrslunni: læsi/sköpun/hreyfing og útinám.

III.

Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð að áætlunin mætti vera nákvæmari og gefi einungis grófa mynd af því

starfi sem fram fer inn á leikskólanum. Foreldraráð er ánægt með að stöðugleiki í starfsmannamálum er að nást.

Foreldraráð myndi vilja sjá að TRAS matslistinn væri tekin á öllum deildum. TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennari til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski

skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS

skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Foreldraráð sér mikla framför í upplýsingaflæði á leikskólanum og er það vel og vonast til þess að áframhald verði á því.

Elstu börnin voru í flottu starfi síðast liðin vetur, allan veturinn í Víkinni og eftir áramót í myndlistarskólanum, tónlistarskóla Sigursveins, tónleikar í Hörpu, vettvangsferðum og fleira.

Foreldraráð

vonast til að svona flott starf með eldri börnunum haldi áfram.

Reykjavík, 30. september 2022,

Foreldraráð Jörfa,

Hanna Kristín Briem Pétursdóttir, formaður

Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir Sandra Hlín Guðmundsdóttir